



Íslandssjóðir hf. – Ársuppgjör 2012

Stjórn Íslandssjóða hf. sem rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestingsjóði hefur staðfest ársreikning félagsins fyrir árið 2012.

Afkoma Íslandssjóða hf. árið 2012

- Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Íslandssjóða hf. og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður Íslandssjóða hf. eftir skatta árið 2012 nam 258 m.kr. samanborið við 247 m.kr. árið 2011.
- Hreinar rekstrartekjur námu 1.208 m.kr. samanborið við 1.139 m.kr. árið áður.
- Rekstrargjöld námu 886 m.kr. samanborið við 830 m.kr. árið áður.
- Heildareignir félagsins námu 3.006 m.kr. í árslok 2012 en voru 2.854 m.kr. í ársbyrjun.
- Eigið fé í árslok 2012 nam 1.925 m.kr. en var 1.741 m.kr. í ársbyrjun.
- Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafrýðing, var 153,2% í árslok 2012 en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok desember 2012 voru 19 sjóðir í rekstri og slitum hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 114.145 milljónum króna. Einn sjóður sem er skráður í Lúxemborg er í stýringu félagsins.
- Hagnaður færður á hlutdeildarskírteini eigenda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða var 7.643 m.kr. árið 2012 samanborið við hagnað uppá 8.759 m.kr. árið 2011.
- Á árinu fóru fram lokagreiðslur úr peningamarkaðssjóðunum Sjóður 9.1 EUR og Sjóður 9.3 USD. Allir fjármunir þessara tveggja sjóða hafa nú verið innheimtir og greiddir út til hlutdeildarskírteinishafa. Ekki verður því um frekari útgreiðslur að ræða og hefur sjóðunum verið slitð.
- Félagið tók á árinu yfir rekstur og stýringu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Rekstrarfélags Byrs. Sjóðirnir eru Skuldabréfasjóðurinn, Alþjóða virðissjóðurinn og Alþjóða vaxtarsjóðurinn, auk Fyrirtækjasjóðsins sem er í slitaferli. Við þessa yfirtöku jukust eignir í stýringu hjá Íslandssjóðum um 2.292 milljónir. Með breytingunni fjölgaði viðskiptavinum Íslandssjóða og býðst þeim nú breiðara vöruúrval en áður.
- Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af Deloitte hf. sem telur að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2012.
- Í lok desember 2012 störfuðu 17 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Örn Ólafsson.

Lykiltölur í m.kr.

	2012	2011
Hreinar rekstrartekjur	1.208	1.139
Rekstrargjöld	886	830
Hagnaður fyrir skatta	322	309
Hagnaður eftir skatta	258	247
Eigið fé 31.12	1.925	1.741



Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrir árið 2012

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskýrteini árið 2012 nam 6.595 m.kr., samanborið við 8.468 m.kr. hagnað árið 2011.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða í árslok 2012 nam 104.057 m.kr. samanborið við 106.009 m.kr. árið 2011.

Lykiltölur í m.kr.

	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Úrvalsvísitala - Sjóður 6	Löng ríkissk.br. - Sjóður 7	Heimssafn - Sjóður 12
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.496	53	2.231	120
Hrein eign í lok tímabils	34.402	506	42.891	725

	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	588	343	31	17
Hrein eign í lok tímabils	15.184	5.194	513	819

	Lengri skuldabréfa- sjóðurinn	Alþjóða virðissjóðurinn	Alþjóða vaxtarsjóðurinn
Hagnaður (tap) tímabilsins	53	5	4
Hrein eign í lok tímabils	1.606	116	83

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	616	953	30	56	6.595
Hrein eign í lok tímabils	697	1.079	85	157	104.057

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrir árið 2012

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskýrteini árið 2012 nam 1.048 m.kr. samanborið við 291 m.kr. hagnað árið 2011.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða árslok 2012 nam 10.088 m.kr. samanborið við 6.881 m.kr. árið 2011.

Lykiltölur í m.kr.

	Fókus - Vextir	IS Hlutabréfa- sjóðurinn	Skuldabréfa- safn	Fyrirtækja- sjóðurinn	Sjóður 9.1 EUR	Sjóður 9.3 USD	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) ársins	200	618	114	12	(2)	105	1.048
Hrein eign í árslok	3.517	4.370	2.167	34	0	0	10.088

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi hjá Íslandssjóðum hf. Kirkjusandi 2, 4. hæð og hjá VÍB - Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, einnig á heimasíðu félagsins: www.islandssjodir.is frá og með 7. mars.

Nánari upplýsingar um ársreikning Íslandssjóða hf. veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins, í síma 440 4593.